



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Tillaga

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki í samræmi við 4. mgr. 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019:

- Að staða eftirvagna á bifreiðastæði við Kistuhyl verði óheimil.


Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Borið hefur á því að eftirvögnum hefur verið lagt á bílastæðum við Kistuhyl þar sem Árbæjarsafn er. Það gerir það að verkum að gestir safnsins eiga erfitt með að finna stæði við safnið og eiga það þá til til að leggja á stöðum sem ekki eru ætlaðir fyrir lagningu ökutækja.

Í samræmi við 4. mgr. 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri



Yfirlitsmynd, bilastæðin sem óheimilt verður að leggja, skilja eftir eftirvagna á, eru öll stæði innan við „P-merkið“.



Bilastæði við Kistuhyl, miðvikudaginn 6. september.